



Nefndasvið Alþingis
Viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 18. maí 2011

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 3/2006, um ársreikinga, með síðari breytingum (góðir stjórnarhættir o.fl.).

Viðskiptanefnd hefur óskað eftir umsögn Samtaka atvinnulífsins um ofangreint frumvarp, sbr. 698. mál. Frumvarpið er lagt fram til að koma til framkvæmda hér á landi þeim þáttum tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2006/46/EB, er fjalla um góða stjórnunarhætti skráðra félaga á skipulegum verðbréfamarkaði og reglugerðar framkvæmdastjórnar nr. 1569/2007/EB, um eftirlit ársreikingaskrár með félögum utan EES-rikkjanna sem skrá verðbréf sín á skipulegum verðbréfamarkaði hér á landi.

Með frumvarpinu er lagt til að félög sem hafa verðbréf sín skráð á skipulegum verðbréfamarkaði skuli árlega birta yfirlýsingu um stjórnarhætti sína í ársreikningi sínum í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2006/46/EB. Verslunarráð Íslands, Nasdaq OMX Iceland hf. og Samtök atvinnulífsins hafa gefið út leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja og hafa því flest félög á markaði hér á landi birt yfirlýsingu um stjórnarhætti sína í ársreikningi.

Samtökin fagna þeim breytingum sem frumvarpið hefur í för með sér enda hafa þau beitt sér fyrir því að yfirlýsing um góða stjórnarhætti verði tekin upp af fyrirtækjum og birt í ársreikningum. Með því að einskorða yfirlýsingu í 1. gr. frumvarpsins við það sem kemur fram í lið 1-3 er verið að þrengja yfirlýsingu frá því sem viðkomandi tilskipun og leiðbeiningar um góða stjórnarhætti gera ráð fyrir. Ákvæði tilskipunarinnar, ákvæði 46.a, gengur lengra en leiðbeiningar um góða stjórnarhætti og er því ástæða til að fylgja tilskipuninni eins og hún er sett fram en ekki gefa slaka á reglunum. Með því að takmarka birta yfirlýsingu með þessum hætti eru til að mynda þau frávik sem eru gerð frá reglum ekki skýrð út. Samtökin leggja því til að í 1. gr. frumvarpsins verði félögum gert skylt að birta yfirlýsingar í samræmi við ákvæði tilskipunarinnar.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífsins